

Hlutverk réttargæslumanna

Erindi á Barnaverndarþingi

25. september 2014

Helstu lagaákvæði sem varða störf réttargæslumanna

- Lög um meðferð sakamála, sml. nr. 88/2008.
 - V. kafli, brotapolí og réttargæslumaður
 - XXVI. kafli, einkaréttarkröfur
 - Ákvæði um verjendur, 33. og 34. gr. sml. gilda um réttargæslumenn skv. 44. gr. sml.
 - II. þáttur sml., rannsókn
 - III. þáttur sml., sönnun og sönnunargögn
 - IV. þáttur, sml., málsmeðferð í héraði
 - V. þáttur sml., málskot til æðra dóms

Lagaákvæði, frh.

- Lög nr. 69/1995 um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota.
- Lögmannelög og Codex Ethicus

Réttindi brotþola

- Réttur til að fá tilnefndan réttargæslumann, 1. mgr. 41. gr. sml.
 - XXII. kafli alm.hgl. (kynferðisbrot)
 - Þegar börn eiga í hlut er alltaf skylt að tilnefna => á við fram að 18 ára aldri
 - Þegar um fullorðna er að ræða er skylt að tilnefna réttargæslumann að kröfu brotþola

...réttindi brotþola

- Önnur ofbeldisbrot, XXIII. og XXIV. kafli og 251.-253. gr. alm.hgl. , sbr. 2. mgr. 41. gr.
- Ef brotþoli hefur orðið fyrir verulegu tjóni á líkama eða andlegu heilbrigði, brotamaður nákominn og brþ. hefur sérstaka þörf fyrir réttargæslumann er skylt að tilnefna honum slíkan að kröfu hans.
- Ef brotþoli er ekki fær um að gæta hagsmuna sinna sem skyldi er heimilt að tilnefna honum réttargæslumann án kröfu, sbr. 3. mgr. 41. gr.

...réttindi brotþola

- Réttur til að fá leiðbeiningar og upplýsingar
- Réttur til aðgangs að gögnum
 - á rannsóknarstigi
 - fyrir dómi
- Réttur til að setja fram einkaréttarkröfur í sakamáli
- Greiðslur ríkissjóðs á bótum
- Krafa um lokað þinghald, önnur heimildarákv.

Réttur til greiðslna bóta úr ríkissjóði

- Lög nr. 69/1995

1. Skilyrði greiðslu bóta að brot, sem tjón er rakið til, hafi verið kært til lögreglu án ástæðulauss dráttar og að tjónþoli hafi gert kröfu um greiðslu skaðabóta úr hendi brotamanns, sbr. 1. mgr. 6. gr.
2. Umsókn um bætur skal hafa borist bótanefnd innan tveggja ára frá því brot var framið, sbr. 2. mgr. 6. gr.
3. Þegar veigamikil rök mæla með má víkja frá skilyrðum 1. og 2. mgr., sbr. 3. mgr.

Þak á greiðslum:

250.000 kr. fyrir tjón á munum, 5.000.000 kr. fyrir líkamstjón, 3.000.000 kr. í miskabætur, 2.500.000 kr. fyrir missi framfæranda og 1.500.000 kr. vegna útfararkostnaðar, sbr. 7. gr.

Réttur til að krefjast þess að sakborningur víki úr dómsal

- 1. mgr. 123. gr. sml.
- Að kröfu ákæranda eða vitnis
- Aðeins á meðan vitnið gefur skýrslu
- Ef nærvera sakbornings getur orðið vitninu sérstaklega til íþyngingar **og** haft áhrif á framburð þess.
- Heimild ekki takmörkuð við brotþola.

Réttarstaða réttargæslumanns

Skv. 44. gr. gilda sömu reglur og um verjendur

- Skal vera lögmaður, 2. mgr. 33. gr. sml.
- Ábendingarréttur brotþola, 3. mgr. 33. gr.
- Sérstakt hæfi, 4. mgr. 33. gr.
- Persónuleg skipun, 2. mgr. 45. gr.
- Skylda til að taka tilnefningu/skipun, 1. mgr. 20. gr. lögmannalaga
- Afturköllun/leystur frá störfum, 34. gr. sml.

Tilnefning réttargæslumanns

- Tilnefningin sjálf
 - leiðbeiningarskylda lögreglu, 1. mgr. 40. gr. sml.
 - á hvaða tímapunkti fer tilnefningin fram?
 - *“rannsókn máls”, 1. mgr. 41. gr.*
 - *“jafnskjótt og tilefni gefst til”, 4. mgr. 41. gr.*

...tilnefning réttargæslumanns

- Úrræði ef lögregla neitar eða lætur undir höfuð leggjast að tilnefna réttargæslumann, 2. mgr. 42. gr. sml.
- Hvenær fellur tilnefningin niður?, 4. mgr. 41. gr. sml.

Skipun réttargæslumanns

- Fer fyrst fram eftir útgáfu ákæru, 1. mgr. 42. gr. sml.
- Sjá þó undantekningu í 2. mgr. 42. gr. sml. ef lögregla neitar eða lætur hjá líða að tilnefnda réttargæslumann => þá skipar dómari, þótt mál sé enn á rannsóknarstigi.
- Lýkur við dómsuppsögu, 5. mgr. 31. gr. sml.
- Skipun réttargæslumanns fyrir Hæstarétti, 4. mgr. 201. gr. sml.

Hlutverk réttargæslumanns

- *“að gæta hagsmuna skjólstæðings síns og veita honum aðstoð í málinu”*
- *“þar á meðal að setja fram einkaréttarkröfur skv. XXVI. kafla”*
(1. mgr. 45. gr. sml.)
- H. 290/2000 – fjallað um meginhlutverk réttargæslumanns

Hagsmunir brotþola við meðferð sakamáls

- Að brotið verði rannsakað
- Að sekum manni verði refsað fyrir brot sem hann hefur framið
- Að brotþoli fái bætur fyrir fjárhagslegt og ófjárhagslegt tjón
- Að tekið verði réttmætt tillit til hans við málsmeðferðina

Hagsmunagæsla og önnur aðstoð

- Önnur aðstoð
 - getur verið ýmiss konar, t.d. að sjá til þess að brotapolí fái viðeigandi meðferð vegna afleiðinga brotsins – samráð við foreldra
- Umfang aðstoðarinnar – getur verið mismunandi

Eðli hagsmunagæslu og aðstoðar

- Aðstoðin er sérfræðiaðstoð lögmanns
- Sbr. hlutverk lögmannanna almennt, t.d.:
 - sjálfstæði lögmannastéttarinnar
 - *“efla rétt og hrinda órétti”*
 - *trúnaðarskylda*
 - þagnarskylda, 3. mgr. 45. gr. sml.

Brotapoli ólögráða sakir æsku – sérstök sjónarmið

- Ríkari skyldur – t.d. 1. mgr. 41. gr. sml.
- Sérreglur um yfirheyrslur á rannsóknarstigi, a-liður 1. mgr. 59. gr. sml. – dómsskýrsla af barni undir 15 ára.
- Barnið sjálft er skjólstæðingurinn, ekki forráðamenn
- Samstarf við barnaverndaryfirvöld

Mætti samstarf við barnavernd vera meira?

- Er afar lítið eins og staðan er í dag.
- Réttargæslumenn eru meira í sambandi við lögreglu en barnaverndaryfirvöld.
- Og svo foreldrana.... Hittir ekki alltaf mjög ung börn, heldur er í samskiptum við foreldrana.
- Annað þegar börn eru komin á unglingsaldur, sérstaklega frá 15 ára aldri – þá einnig samskipti við brotþola sjálfan.

Þegar um ung börn er að ræða

- Foreldrar oft tregir til að koma með börn til fundar við réttargæslumann – vilja draga úr þeim skiptum sem barnið ræðir málið.
- Réttargæslumaður hittir þá barnið fyrst í Barnahúsi/sérútbúinni aðstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur.

Barnahús versus sérútbúin aðstaða í dómshúsi

- Einungis Héraðsdómur Reykjavíkur sem er með sérútbúna aðstöðu til að taka skýrslur af börnum undir 15 ára, sbr. a-lið 1. mgr. 59. gr. sml.
- Aðrir dómstólar nota aðstöðuna í Barnahúsi.
- Ath. Héraðsdóm Reykjaness – fjarfundabúnaður.

Aðstaðan þegar foreldri er gerandi

- Möguleiki að skipa sérstakan lögráðamann skv. 53. gr. lögræðislaga nr. 71/1997.
- Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. S-2492/2004 => réttargæslumaður brotapolans var skipaður sem sérstakur lögráðamaður.

Hlutverk réttargæslumanns við lögreglurannsókn

- Leiðbeina og upplýsa skjólstæðing
- “eftirlit” með rannsókn?
- Rannsakar ekki mál
- Fylgist með rannsókn
- Frumkvæðisskylda?
- Áskorun um rannsóknaraðgerðir

Aðgangur að gögnum á rannsóknarstigi

- Sami aðgangur og brotþola, 47. gr. sml.
- Aðgangur að gögnum sem varða þátt brotþola....
-og eru nauðsynleg til að gæta hagsmuna hans
- Ekki aðgangur ef verjanda hefur verið synjað um aðgang
- Réttargæslumanni er *heimilt* að afhenda brotþola gögn eða kynna með öðrum hætti

Afhending gagna þegar brotápoli er barn

- Er þá heimilt að afhenda foreldrum barnsins gögn málsins?
- Ekki skýrt skv. sml. – bótaskrafa sett fram í nafni forráðamanns fyrir hönd barnsins.
- Tel ekki rétt að afhenda gögn, en hugsanlegt að „kynna með öðrum hætti“.

Hvenær á réttargæslumaður rétt á að vera viðstaddur á rannsóknarstigi?

- Þegar skýrsla er tekin af brotþola, 1. mgr. 46. gr. sml.
 - Getur beint til lögreglu (dómara, þegar um dómsviðtal á rannsóknarstigi er að ræða) að spyrja tiltekinna spurninga
- Aðrar rannsóknaraðgerðir með þátttöku brotþola, s.s.
 - Vettvangsrannsókn
 - Sakbending
 - Læknisskoðun
- Ekki þegar skýrslur eru teknar af sakborningi og vitnum

Hvenær er einkaréttarkrafa sett fram?

- 173. gr. sml. – kröfu komið á framfæri við lögreglu meðan á rannsókn stendur eða við ákæranda áður en ákæra er gefin út = krafa tekin upp í ákæru
- Heimilt eftir útgáfu ákæru, ef skilyrði eru til útgáfu framhaldsákæru eða ákærði samþykkir

Hlutverk réttargæslumanns fyrir dómi

- Hver er staða hans? 46. og 47. gr. sml.
 - dómari boðar réttargæslumann í þinghöld
 - réttargæslumanni er heimilt að vera viðstaddur öll þinghöld
 - réttargæslumaður á rétt á öllum gögnum í síðasta lagi áður en málið er flutt
- Gögn vegna einkaréttarkröfu
- Leiðir réttargæslumaður vitni?

Má réttargæslumaður tjá sig?

- Hann má óska þess að dómari beini tilteknum spurningum til brotþola, 3. mgr. 46. gr. sml.
- Má óska þess að ákærði og vitni verði spurð um afmörkuð atriði sem varða sérstaklega einkaréttarkröfur brotþola
- Réttargæslumaður má aðeins tjá sig munnlega um einkaréttarkröfur brotþola, 4. mgr. 46. gr.
- Má tjá sig um réttarfarsatriði sem snúa sérstaklega að brotþola

Dæmi um réttarfarsatriði er varða brotþola:

- Lokað þinghald – a-liður 1. mgr. 10. gr. sml.
- Sakborningi vikið úr dómsal – 1. mgr. 123. gr. (ekki einskorðað við brotþola, líka önnur vitni)
- Önnur atriði, s.s. um sönnunarfærslu
- Ákvarðanir og úrskurðir dómara
- Kæruheimild til Hæstaréttar, sbr. 192. gr. sml.

Einkaréttarkröfur, XXVI. kafli sml.

- Er ekki takmörkuð við „beinan“ brotapolu, 1. mgr. 172. gr.
- Tilgreina skal bótakröfu í ákæru (undantekningar ef ákærði samþykkir að krafa komist að á síðari stigum), 1. mgr. 173. gr.
- Forræði brotapolu/forráðamanns brþ. á kröfunni, 4. mgr. 174. gr.
- Ítarlegri ákvæði í sml., t.d. um form kröfu (greinargerð), 2. mgr. 173. gr.
- Birt með ákæru, 1. mgr. 174. gr.
- Heimild til sérstaks einkamáls, 1. mgr. 175. gr. – Nýmæli!
- Vísað frá ef ákærði er sýknaður

Réttargæslumaður tjáir sig um bótakröfu og skýrir hana

- Grundvöllur bótaábyrgðar
- Fjárhæð bóta
- Sönnunargögn og vitni
 - gögn ákærvaldsins
 - eigin gögn og vitni, 1. mgr. 176. gr.
- Flytur ekki málið fyrir ákærvaldið!

Lok starfa

- Dómsuppkvaðning
- Kynna niðurstöðu fyrir skjólstæðingi, möguleika á áfrýjun, rétt til að sækja bætur til ríkissjóðs skv. lögum nr. 69/1995 eða e.t.v. höfðun einkamáls
- Áfrýjun, 3. mgr. 196. gr. sml.

Tekur einungis til bótakröfu (ef hún hefur verið dæmd efnislega) – ekki sjálfst. áfrýjunarréttur brþ. varð. sakarefnið